

UMSÓKN UM AÐ HALDA ÖLDUNGAMÓT BLÍ 2019 - og til vara, 2020.

Til að umsóknin sé gild þarf að fylla **ALLA** reiti út og senda umsóknina til BLÍ og mótshaldara með pósti á bli@bli.is og oldungur@blak.is amk. 21 degi fyrir öldungahing.

Öldungur: Einar Hannesson, blakdeild Keflavíkur

Blakfélag: Þróttur Reykjavík og Blakdeild Keflavíkur

Mótsgjald: 45.000 kr.

Mótsdagar: 25. – 27. apríl 2019 í Reykjanesbæ (til vara 30. apríl – 2. maí 2020)

Fjöldi blakvalla: 16+, með möguleika á fleiri völlum í nærliggjandi íþróttahúsum (sjá vallarmöguleika í lista hér á eftir).

Heildarframboð valla í Reykjanesbæ: TM-höllin (4), Reykjaneshöllin (12 vellir á dúkklaeddu gervigrasi, athugið að hægt er með góðu móti að hita húsakynnin upp í þægilegar 20-22 gráður), Heiðarskóli (1 völlum), Myllubakkaskóli (1 völlum), Njarðvíkurskóli (1 völlum) og Akurskóli (1 völlum).

Frábær íþróttastaða er fyrir hendi í bæjarfélaginu, og má meðal annars finna Sundmiðstöðina sem stendur við sömu götu og TM-höllin, sem verður miðstöð mótsins. Sundmiðstöðin býður upp á 25m útilaug, 4 setlaugar og eimbað. Þar er líka að finna eina glæsilegustu 50m innilaug landsins. Í Njarðvík má líka finna 16m innilaug, heita potta og eimbað.

Staðsetning valla/íþróttahúsa: Staðsetning valla er alfarið í Reykjanesbæ og er kappkostað að hafa keppni á svæði sem krefst lítils aksturs. TM-höllin og Reykjaneshöllin eru í göngufæri, sem og nokkrir vellir sem tilgreindir eru í skólahúsnæði.

Top of Form

Hefur umsækjandi haldið öldungamót áður? JÁ - Þróttur Reykjavík hefur fjórum sinnum haldið öldungamót, síðast í samstarfi við ÍBV í Vestmannaeyjum árið 2011, og þar áður árið 2000 í Laugardalshöll. Blakdeild Keflavíkur sótti í fyrsta skipti um að halda öldungamót í fyrra (með Þrótti R.).

Bottom of Form

Lokahóf fer fram í TM-höllinni og þar rúmast 1500+ matargestir. Boðið verður upp á fjölbreytt úrval veitinga, og verður komið fyrir Street Food-básum þar sem gestir geta gætt sér á gómsætum réttum sem gefa góða magafylli.

Top of Form

Er boðið upp á barna –og/eða unglingastarf hjá viðkomandi blakfélagi? JÁ
Bæði umsóknarfélög reka frábært starf fyrir börn og unglinga.

Bottom of Form

Annað sem umsækjandi vill koma á framfæri:

Blakdeildir félaganna tveggja hafa einsett sér að hafa glæsilega umgjörð utan um eitt skemmtilegasta íþróttamót sem haldið er á Íslandi. Mikinn mannauð og reynslu af mótahaldi (í fleiri íþróttagreinum) má finna meðal forsvars- og nefndamanna mótsins, sem tryggir frábæra reynslu þátttakenda og ógleymanlega keppni og skemmtun. Mannvirkin sem nýtt verða eru vel til þess fallin að skapa ramma sem heldur vel utan um mótið og mannskapinn, og eru aksturfjarlægðir litlar sem engar. Mikinn velvilja má finna hjá sveitarfélaginu, sem hægt er að nýta mótinu til góðs. Í Reykjanesbæ má finna fjölda skemmti- og veitingastaða, ásamt því sem mótshaldarar hafa uppi áform um metnaðarfulla skemmtidagskrá sem mun án efa falla í góðan jarðveg. Í TM-höllinni, sem verður nokkurs konar hjarta mótsins, er að finna frábæra aðstöðu til veitinga- og skemmtihalds, og verður keppendum gert kleift að halda þar til á kvöldin eftir að keppni lýkur.

Reykjanesbær er blómstrandi samfélag í innan við 30 mínútna akstursfjarlægð frá Hafnarfirði, þannig að lið á höfuðborgarsvæðinu þurfa ekki að aka langar vegalengdir til að sækja mótið. Nægt gistirými er þó fyrir hendi í bæjarfélaginu, og verður nefnd skipuð til að hafa yfirumsjón með þessum málaflokki þannig að hægt sé að tryggja hentuga gistilausn fyrir keppendur, hvort heldur sem er á hótélum, gistiheimilum, airbnb, heimagistingu eða svefnpokaplássu í skólastofum.

Blakdeild Keflavíkur er vaxandi félag sem telur tæplega 30 einstaklinga á öllum aldri sem allir deila ást sinni á íþróttinni. Deildin heldur uppá 5 ára afmælið sitt 26. Mars og deildin hefur rekið barnastarf nánast allan þann tíma. Blakdeild Keflavíkur tók fyrst þátt í bikarkeppni árið 2015 og nú, veturinn 2017-2018, vann karlaliðið sig upp úr 3. deild og mun spila í 2. deild á næsta tímabili á Íslandsmótinu. Kvinnaliðið stóð sig ekki síður vel, vann sig upp úr 5. deild og mun spila í 4. deild. Starfið er í stöðugri uppbyggingu og höfum við ráðið til okkar þjálfara fyrir alla flokka, börn og fullorðna. Tala iðkenda hjá félaginu er ekki há, en 23 einstaklingar 18 ára og eldri teljast til liðsfélaga, ásamt 9 börnum á aldrinum 8-18 ára. Það er einlægur vilji forsvarsmanna félagsins að efla og glæða ímynd blakdeildarinnar, og fá til samstarfs fleiri iðkendur, en í bæjarfélaginu má nú þegar finna fjölda afreksfólks í hinum ólíku íþróttagreinum. Hluti af þessu ímyndarstarfi er öldungamótshald, en við teljum að með því að fá svo stórt mót í bæinn fáist dýrmæt kynning á okkar frábæru íþrótt, sem myndi án efa laða að sér fleiri iðkendur.

Blakdeild Þróttar Reykjavíkur byggir á traustum grunni, en félagið sendi fyrst lið til keppni í blaki árið 1974. Karlaliðið hefur orðið Íslandsmeistari alls 13 sinnum, síðast árið 2009. Liðið hefur jafnframt orðið bikarmeistari fjórtán sinnum, síðast árið 2009. Kvinnaliðið hefur fimm sinnum orðið Íslandsmeistari og þrisvar bikarmeistari. Félagið hefur þannig skipað sér í röð með elstu og rótgrónustu blakliðum landsins. Félagið rekur öflugt barna- og unglíngastarf og hefur tekið þátt í öllum yngri flokka mótum sem boðið hefur verið upp á samfleytt síðustu átta ár. Núverandi meistaraflokkur kvenna teflir fram liði í Mizuno-deild Íslandsmóts, og sameinaður meistaraflokkur Þróttis/Fylkis í karlaflokki. Að auki var teflt fram þremur liðum á Íslandsmóti, í 2., 3., og 4. deild veturinn 2017/2018, en tvö af þessum liðum taka einnig þátt í öldungastarfi.

Árið 2011 hélt Þróttur öldungamót í Vestmannaeyjum í samstarfi við blakdeild ÍBV og var góður rómur gerður að, og er það mál manna að þar hafi öldungar átt

Ógleymanlegar stundir innan vallar sem utan. Skipulag var til fyrirmyndar og samstarfið milli blakdeilda með miklum ágætum. Mikill uppgangur í íþróttinni varð í Eyjum eftir mótshald, og varð þar í raun til eiginleg blakdeild sem hefur starfað allar götur síðan. Mikilvægi þess að halda öldungamót sýndi sig glögg í starfi Þróttar á komandi misserum, en með tekjum af mótinu tókst að tryggja góðan grundvöll, og má enn gæta áhrifa mótsins í starfi félagsins. Það er einlægur ásetningur Þróttara að halda glæsilegt mót sem standist allar væntingar, en í félaginu má finna reynda einstaklinga sem hafa unnið ötullega að uppbyggingu íþróttarinnar, innan félags og utan.

Að lokum, blakdeild Þróttar og blakdeild Keflavíkur bjóða öldunga á landsvísu velkomna í Reykjanesbæ á vormánuðum 2019. Okkar loforð er ekki eingöngu að skapa íþróttinni glæsilega umgjörð þá þrjá daga sem mótið stendur yfir, heldur líka að gera þátttakendum kleift að gleyma sér í gleði og skemmtilegheitum sem lifa munu í minningunni um ókomna tíð.

Með blakkveðju og ósk um frábæra skemmtun á Blöku 2018!

Staður / Dagsetning; Reykjavík 24. mars 2018

Staðfesting formanns blakfélags; Sunna Þrastardóttir, formaður blakdeildar Þróttar, og Svandís Þorsteinsdóttir, formaður blakdeildar Keflavíkur.